

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2014

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Austurstræti 11
101 Reykjavík
Kt. 430990-2179

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2014

Þannig samþykkt á fundi, 17. apríl 2015

Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-21
Sérgreind yfirlit deilda	22-24

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 17. apríl 2015.

Deloitte ehf.



Pálína Arnadóttir

endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Um Íslenska lífeyrissjóðinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990. Tilgangur sjóðsins, samkvæmt 2. gr. samþykktá hans er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á nýliðnu ári fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

Yfirlit yfir árið 2014

Árið 2014 var gott ár hjá Íslenska lífeyrissjóðnum. Ávöxtun var góð og vöxtur sjóðsins í samræmi við áætlanir. Í árslok 2014 var stærð sjóðsins 45.235,1 millj. kr., sem er um 8,2% stækkun á árinu. Í lok árs 2014 voru sjóðfélagar 28.571 talsins, samanborið við 27.968 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 9.226 samanborið við 8.399 á árinu 2013. Lífeyrisþegar voru 641 talsins samanborið við 576 á árinu 2013. Á árinu voru 1.106 sjóðfélagar með sérstaka útgreiðslu á séreignarsparnaði samanborið við 1.589 á árinu 2013. Á árinu fengu 1.552 sjóðfélagar greiddan séreignarsparnað inn á lán. Þá námu iðgjöld sjóðfélaga 3,4 milljörðum króna samanborið við 3,1 milljarðar á árinu 2013. Lífeyrisgreiðslur námu 1,7 milljörðum samanborið við 1,4 árið 2013.

Á árinu voru haldnir 13 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í maí. Á árinu 2014 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Samkvæmt rekstrarsamningi við Landsbankann greiðir sjóðurinn fasta umsýsluþóknun til bankans sem nemur 0,28% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins eru skuldbindingar samtryggingadeildar 96 milljónum hærri en eignir, eða 0,5%. Eignir og skuldbindingar deildarinnar eru því í jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Skýrsla stjórnar

Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins

Ávöxtun deilda Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2014 var góð og í takt við viðmið sjóðsins sem skilgreind eru í eru í fjárfestingarstefna hans.

Nafnávöxtun sjóðsins.	2014	2013	2012
Líf I	6,2%	8,6%	8,5%
Líf II	5,4%	7,0%	7,1%
Líf III	4,5%	5,4%	6,7%
Líf IV	3,4%	2,3%	5,0%
Samtrygging	6,0%	9,5%	7,8%

Lítið gerðist á skuldabréfamarkaðnum stærstan hluta úr árinu en það dró heldur til tíðinda í nóvember þegar peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti um 25 punkta og síðan aftur um 50 punkta í desember. Ástæða lækkunarinnar var sögð vera lág verðbólga og lægri hagvöxtur en spár bankans höfðu gert ráð fyrir. Skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 4,4% á árinu og þar af hækkaði verðtryggni hluti hennar um 1,9% og overðtryggni hlutinn um 10,4%. Verðbólga fyrir árið í heild mældist 1,0%.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var heldur þungur framan af ári en hækkaði skarpt þegar leið á haustið og nam hækkun OMXI8 vísitölunnar 4,1% á árinu. Mest hækkuðu hlutabréf Össurar eða um 57,6% en mesta lækkun var á bréfum Tryggingamiðstöðvarinnar en þau lækkuðu um 17,9%. Sjóvá var skráð á markað í apríl og voru hlutabréf HB Granda skráð á aðallista kauphallarinnar þegar þrjú af fimm stærstu hluthöfum félagsins á þeim tíma seldu í almennu útboði.

Önnur mikilvæg atriði

Á síðastliðnum árum hafa stjórnvöld gert ýmsar breytingar á regluverki viðbótarlífeyrissparnaðar. Þannig var heimilt að taka út séreignarsparnað innan tiltekinna fjáræðarmarka frá árinu 2009 til ársloka 2014 auk þess sem frádráttarbært iðgjald launþega vegna viðbótarlífeyrissparnaðar lækkaði tímabundið úr 4% í 2%.

Á árinu 2014 samþykkti Alþingi frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um nýtingu skattfrjáls séreignarsparnaðar til innborgunar á íbúðalán eða til húsnæðissparnaðar. Samkvæmt lögnum má nýta skattfrjálsan viðbótarlífeyrissparnað til innborgunar á íbúðaláni á þriggja ára tímabili (1. júlí 2014 til 30. júní 2017). Þeim sem skulda húsnæðislán verður heimilt að nýta greiðslur sem annars rynnu inn í viðbótarlífeyrissparnað til þess að greiða inn á húsnæðislán.

Samkvæmt sömu lögum mega þeir sem ekki eiga húsnæði nýta iðgjöld sem falla til á umræddu tímabili til útborgunar í íbúðarhúsnæði. Hópur sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins hefur þegar nýtt sér úrræðin og má gera ráð fyrir að inngreiðslur í sjóðinn muni dragast nokkuð saman á næstu þremur árum vegna þessa enda er sjóðurinn að uppistöðu séreignarsjóður.

Nýlega ákvað Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) að breyta forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða. Þannig verður horfið frá því að byggja mat á meðalævi til framtíðar á reynslu síðustu ára um lífaldur. Þess í stað skal reikna meðalævi til framtíðar út frá spá um áframhaldandi lengingu á meðalævi. Gera má ráð fyrir að nýjar tölur um lífslíkur hafi áhrif á Íslenska lífeyrissjóðinn eins og aðra lífeyrissjóði.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. apríl 2015

Stjórn



Atli Atlason



Þórir Óskarsson



Una Eypórsdóttir



Snorri Ómarsson



Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri



Ólafur Páll Gunnarsson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	Skýr.	2014	2013
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.163.786.095	1.020.535.347
Iðgjöld launagreiðenda		2.360.436.308	1.863.988.298
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(160.477.677)	213.321.789
Sérstök aukaframlög		15.375.444	13.676.549
		<u>3.379.120.170</u>	<u>3.111.521.983</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	1.680.479.277	1.389.981.398
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga		241.227.866	0
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		13.253.212	10.736.072
Tryggingakostnaður		9.701.388	(2.668.979)
		<u>1.944.661.743</u>	<u>1.398.048.491</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		245.667.042	863.162.683
Vaxtatekjur og gengismunur	4	2.217.108.737	2.023.360.805
Breytingar á niðurfærslu	8	1.682.169	0
		<u>2.464.457.948</u>	<u>2.886.523.488</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	47.723.757	56.124.237
Vaxtagjöld		16.436.664	7.931.432
		<u>64.160.421</u>	<u>64.055.669</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	131.436.708	144.676.535
		<u>131.436.708</u>	<u>144.676.535</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		3.703.319.246	4.391.264.776
Hrein eign frá fyrra ári		41.531.820.049	37.140.555.273
		<u>45.235.139.295</u>	<u>41.531.820.049</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	20.491.966.476	16.770.061.692
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	21.959.529.169	23.055.480.092
Bankainnstæður		1.307.239.901	1.265.052.016
		<u>43.758.735.546</u>	<u>41.090.593.800</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	101.692.234	124.221.009
Aðrar kröfur	13	7.929.491	15.947.039
		<u>109.621.725</u>	<u>140.168.048</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		1.699.470.688	483.986.531
	Eignir	<u>45.567.827.959</u>	<u>41.714.748.379</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	14	267.650.074	144.749.964
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur			
Fyrirfram innheimtar tekjur		65.038.591	38.178.366
		<u>332.688.665</u>	<u>182.928.330</u>
		<u>45.235.139.295</u>	<u>41.531.820.049</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls			
Greining á hreinni eign á deildir			
Líf I		12.811.499.835	12.057.593.846
Líf II		11.007.257.250	9.849.833.138
Líf III		8.185.659.273	7.748.854.302
Líf IV		4.619.057.137	4.389.846.092
Samtrygging		8.611.665.800	7.485.692.671
		<u>45.235.139.295</u>	<u>41.531.820.049</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	2014	2013
Inngreiðslur		
Iðgjöld	3.428.393.813	3.127.573.508
Fjárfestingartekjur	1.107.875.593	1.025.376.477
Afborganir verðbréfa	830.348.553	497.742.549
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	5.986.091.831	2.826.189.729
Seld verðbréf með föstum tekjum	8.989.310.101	5.699.853.592
Aðrar inngreiðslur	23.286.197	1.128.903
	<u>20.365.306.088</u>	<u>13.177.864.758</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.583.130.420	1.413.425.011
Fjárfestingargjöld	51.130.381	59.377.666
Rekstrarkostnaður án afskrifta	142.684.964	171.152.822
Aðrar útgreiðslur	11.829.013	36.170.887
Sérstök inngreiðsla inná lán	241.227.866	0
	<u>2.030.002.644</u>	<u>1.680.126.386</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>18.335.303.445</u>	<u>11.497.738.372</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	8.578.582.621	5.075.769.821
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	8.499.048.782	7.265.755.103
Hækkun /(lækkun) á bankainnstæðum	42.187.885	(346.506.712)
	<u>17.119.819.287</u>	<u>11.995.018.212</u>
Hækkun /(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	1.215.484.157	(497.279.840)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>483.986.531</u>	<u>981.266.371</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>1.699.470.688</u>	<u>483.986.531</u>

1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingardeild.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimild að greiða í þennan sjóð. Samtryggingadeild fylgir sambærilegri fjárfestingastefnu og Líf II. Stefnt er að því að fjárfesta 5,3% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 69,8% í innlendum skuldabréfum, 16,4% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 8,6% í erlendum verðbréfum.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleidir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Líf I

Líf I hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma sínum og eru tilbúnir að taka meiri áhættu og ná þannig hærri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á verðbréfamörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 4,6% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 60,5% í innlendum skuldabréfum, 22,9% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 12,1% í erlendum verðbréfum.

Líf II

Líf II hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævinni og þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnaðinn sinn. Stefnt er að því að fjárfesta 5,3% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 69,8% í innlendum skuldabréfum, 16,4% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 8,6% í erlendum verðbréfum.

Líf III

Líf III hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af starfsævi sinni og söfnunartíma og þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 6% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 79,1% í innlendum skuldabréfum, 9,8% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 5,2% í erlendum verðbréfum.

Líf IV

Líf IV hentar þeim sem eru að nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta 100% af eignum deildarinnar í skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldgreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leið I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Útgreiðsluleiðir

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagsins og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Gjaldmiðlar og visitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2014	2013	31.12.2014	31.12.2013
Evra (EUR).....	154,86	162,38	153,84	158,06
Bandaríkjadalur (USD).....	116,75	122,23	126,6	114,76
Sterlingspund (GBP).....	192,17	191,22	197,18	189,75

Áhættustýring

Íslenski lífeyrissjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu og lífeyrstryggingaráhættu. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í árslok 2014.

Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá Íslenska lífeyrissjóðnum aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Horft er til þess að áhættustýring sé ferli sem stuðlar að aukinni meðvitund, skilvirkni og árangri, ásamt því að stuðla að því að lögum og reglum sé framfylgt.

Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustýringarstefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megintilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta, í samfelli sem og eftir atvikum greiningu, allar áhættur sem snúa að sjóðnum og sjóðfélögum.

Meðvitað þarf að taka ákvörðun þegar vart verður við tilekna áhættu, um hvort fjárlægja eigi áhættuvaldinn, sniðganga hann, draga úr líkum eða afleiðingum áhættunnar, deila áhættunni með öðrum eða meðvitað taka áhættuna.

Áhættustýring er ferli sem er samofid daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Líta skal á innri endurskoðun sem mikilvægan hluta af því ferli.

Við undirbúning og vinnu að áhættustýringarstefnu sjóðsins var stuðst við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2013 og nr. 2/2013 um áhættustýringu lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Áhættum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í fjóra meginflokka þ.e. markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, lífeyrstryggingaráhætta og rekstraráhætta. Eftirlit með markaðs- og rekstraráhættu er framkvæmt af Áhættustýringarsviði Landsbankans. Ennfremur sér Áhættustýring bankans um hlítina eftirlit sjóðsins þ.e. að eignaráðstöfun hans sé í samræmi við lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Eftirlit með mótaðilaáhættu og lífeyrstryggingaráhættu sjóðsins er framkvæmt af Eignastýringarsviði Landsbankans. Helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðs eru eftirtaldir:

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Markaðsáætta

Markaðsáætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi af stöðu innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsverði. Allar stöður í markaðsbréfum teljast innan efnahags en höfuðstólsfjárhæðir afleiðna utan efnahags.

Þessi áætta fyrirfinnst í vaxtatengdum fjármálagerningum (skuldabréfum), hlutabréfum og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáætta eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flókt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhættuþætti sem og heildaráhættu. Misræmisáætta telst einnig til markaðsáætta en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga sjóðsins til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallífítíma eða gjaldmiðla. Helstu undirflokkar markaðsáætta eru hlutabréfaáætta, vaxtaáætta, gjaldmiðlaáætta, flókt- og fylgniáætta, misræmisáætta, uppgreiðsluáætta og áætta vegna markaðseigna utan efnahagsreiknings.

Mótaðilaáætta

Mótaðilaáætta er skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi ef gagnadæli fjármálasamnings uppfyllir ekki ákvæði hans eða umsamdar skuldbindingar. Undir mótaðilaáætta flokkast útlánaáætta, uppgjörsáætta, samþjöppunaráætta, afhendingaráætta og landsáætta. Við eftirlit með áhættu lífeyrissjóðsins er fylgst með útlánaáætta, uppgjörsáætta, samþjöppunaráætta og áhættu vegna eigna utan efnahags. Aðrar áhættur eru metnar með huglægu mati þegar fjárfest er í fjármálagerningum sem ekki hafa verið í eignasafni lífeyrissjóðsins, er hér átt við m.a. afhendingar-, pólitíska og lagalega áhættu.

Lífeyrstryggingaráætta samtryggingadeildar

Í lífeyrstryggingaráhættu felst sú áætta lífeyrissjóðs að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar, til skemmri eða lengri tíma, gagnvart sjóðfélögum sínum. Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs án ábyrgða, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum. Áhættuþáttum er því hægt að skipta í tvennt; áhættu sem tengist eignum sjóðsins og áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins. Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingu sjóðsins eru helst: Auknar lífslíkur, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum. Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru helst: Lækkun markaðsvirðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvirði eigna lífeyrissjóðsins.

Lausafjáraáætta

Lausafjáraáætta er skilgreind sem hætta á því að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til þess að standa við greiðslur. Lausafjáraáætta er svo tvíþætt, seljanleikaáætta, sem er áhættan á því að geta ekki selt eignir á ásættanlegu verði innan ákveðins tíma til þess að standa við skuldbindingar og svo útstreymisáætta, sem er áhættan á því að það verði skyndilegt útlæði úr sjóðinum sem sjóðurinn getur ekki staðið við án þess að skerða eignir sjóðfélaga.

Rekstraráætta

Rekstraráætta er skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi vegna svika, mistaka, vanrækslu, óhagræðis, kerfisbilana, orðsporsáætta eða utanaðkomandi atvika. Hugtökin svik, mistök, vanræksla vísa til galla í verkferlum, kerfisbilana, bilana í vélbúnaði og mannlegra mistaka. Mæling á rekstraráhættu er gerð með áhættumati sem er framkvæmt af þeim aðilum sem best þekkja rekstraráhættu fyrir viðkomandi starfsemi og yfirmanni í viðkomandi einingu.

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í árslok 2014.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilgreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2014 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 65 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna. (2013: 38,2 m.kr.)

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum í séreign eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli réttihafa hans. Verðbréf með föstum tekjum í samtryggingu eru eignfærð á kaupávöxtunarkröfu.

Vegna þeirrar áhættu að tiltekin verðbréf innheimtist ekki eru þau færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi sbr. skýringu 8.

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2014	2013
Ellilífeyrir	427.256.147	368.697.733
Fyrirframgreiðsla séreignasparnaðar.....	1.151.504.821	932.516.364
Örorkulífeyrir	36.862.677	41.933.417
Makalífeyrir	26.814.369	13.119.912
Barnalífeyrir	37.863.462	33.713.972
Greitt til erlendra ríkisborgara.....	177.801	0
	<u>1.680.479.277</u>	<u>1.389.981.398</u>

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Ellilífeyrir	9.875.731	9.537.438	228.539.292	172.928.143	6.375.543
Fyrirframgreiðsla séreignasparnaðar.....	658.342.522	326.041.580	103.218.666	63.902.053	0
Örorkulífeyrir	105.615	135.112	389.835	81.271	36.150.844
Makalífeyrir	2.780.209	6.314.523	7.718.550	7.780.325	2.220.762
Barnalífeyrir	682.612	5.846.672	5.512.897	25.578.620	242.661
Greitt til erlendra ríkisborgara.....	0	177.801	0	0	0
	<u>671.786.689</u>	<u>348.053.126</u>	<u>345.379.240</u>	<u>270.270.412</u>	<u>44.989.810</u>
Framlag upp í örorkulífeyrir skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða.....					9.701.388
Gjald til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.....					13.253.212
Sérstök inngreiðsla inná lán sjóðfélaga.....	135.764.868	59.269.063	28.233.146	17.960.789	0
	<u>807.551.557</u>	<u>407.322.189</u>	<u>373.612.386</u>	<u>288.231.201</u>	<u>67.944.410</u>

Skýringar

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:	2014	2013
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	120.852.643	889.831.886
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	1.289.383.234	884.433.899
Af bankainnstæðum.....	806.872.860	249.095.020
	<u>2.217.108.737</u>	<u>2.023.360.805</u>

5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

	2014	2013
Atli Atlason, formaður stjórnar.....	1.656.000	1.583.500
Jón Snorri Snorrason, fyrrv. formaður stjórnar.....	0	130.000
Snorri Ómarsson, varaformaður stjórnar.....	1.242.000	1.049.500
Þórir Óskarsson.....	988.000	808.000
Erla Ósk Ásgeirsdóttir.....	759.000	768.000
Una Eyþórsdóttir.....	828.000	808.000
Þorsteinn Frímánn Sigurðsson.....	1.022.500	717.000
Guðríður Sigurðardóttir.....	324.000	314.000
Valur Ægisson.....	168.000	0
Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjald.....	1.214.484	1.015.390
	<u>8.201.984</u>	<u>7.193.390</u>

